

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 25. nóvember 2021  
UST202011-133/F.T.  
08.12.02

## Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 16. nóvember 2020 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíks er fram kom í eftirliti hjá Löxum Fiskeldi ehf. að Fiskalóni í Ölfus þann 24. júní 2020.

Frávikið var eftirfarandi:

- 1. Grein 1.1. í starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi.** Ársframleiðsla 2019 var 57 tonn en heimild þágildandi starfsleyfis var upp á 20 tonna ársframleiðslu. **Vert er að taka fram að Umhverfisstofnun skráði umrætt frávík í eftirliti hjá rekstraraðila fyrst árið 2018. Rekstraraðili lagði í kjölfarið fram áætlun um úrbætur, sú áætlun gekk ekki eftir. Rekstraraðili hafði starfað umfram núgildandi starfsleyfi í amk. 3 ár. Stofnunin hefur gengið á eftir því að bætt verði úr frávikin.**

Umhverfisstofnun tók þann 12. febrúar 2021 ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir Laxa Fiskeldi ehf. að Fiskalóni í Ölfusi fyrir landeldi með 100 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma og 100 tonna ársframleiðslu. Í september 2021 var leyfinu breytt á þann hátt að einungis er mælt fyrir um 100 tonna lífmassa á hverjum tíma. **Frávikin telst því lokið.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 92.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur